

Ríkisaðili	Fjölbrautaskóli Snæfellinga 02-367	Ráðuneyti	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Ábyrgðaraðili	<i>Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari</i>		
A	Kjarnastarfsemi		
	<p>Skólinn er áfangaskóli sem býður upp á bóknám, sem lýkur með stúdentsprófi eftir þrjú ár eða framhaldsskólaprófi sem er lokið á tveimur árum. Haustið 2020 var boðið upp á nám á sex brautum; framhaldsskólabraut 1, framhaldsskólabraut 2, starfsbraut fyrir fatlaða og fjórum stúdentsbrautum en þær eru: opin braut, félags- og hugvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut og íþróttabraut. Miðað er við að nám á stúdentsbrautum taki þrjú ár. Inntökuskilyrði á einstaka námsbrautir eru tilgreindar á vef skólans sem og kröfur um námsframvindu. Skólanámskrá skólans er birt á vef hans og er í sífelldri endurskoðun. Vinnu við að setja skólanámskrá upp í samfelldu skjali er nánast lokið og mun skjalið verða aðgengilegt á vef skólans.</p> <p>Skólinn hefur það að markmiði að minnka brottfall og auka tækifæri til endurmenntunar þar sem FSN er opinn skólinn með óhefðbundna og óvenjulega kennsluhætti og nemendahópurinn hefur mjög fjölbreyttar þarfir. Það hefur verið markmið skólans frá upphafi að vera leiðandi í nýjungum í kennsluháttum. Við höfum verið í fararbroddi að innleiða leiðsagnarmat og hefur það námsmat verið notað við skólann síðan 2009. Við vinnum að því að gera fjarkennslu skólans enn betri og undanfarin ár höfum við verið að innleiða vendinám. Skólinn mun vinna samkvæmt reglugerð um ábyrgð og skyldur allra aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum og leggja aukna áherslu á stoðþjónustu.</p>		

192 nemendur voru skráðir í nám haustið 2020 og af þeim voru fjarnemendur 61.

Síðan árið 2007 hefur FSN verið með framhaldsdeild á Patreksfirði og stunduðu 24 nemendur nám þar á haustönn 2020.

Nemendur framhaldsdeildar hafa komið þrisvar á önn til Grundarfjarðar og sótt tíma þar en vegna aðstæðna í COVID-19 hafa þessar ferðir fallið niður þessa önnina.

Skólinn hefur annast náms- og starfsráðgjöf í fangelsinu á Kvíabryggju og verið með nemendur þaðan í námi. Kennarar frá FSN hafa farið og hitt nemendur á Kvíabryggju þegar þurfa þykir.

Gert er ráð fyrir að 140 nemendur í fullu námi verði við skólann á árinu 2020. Þessi nemendatala er fengin samkvæmt spá um íbúafjölgun á upptökusvæði skólans. Nú horfum við fram á töluverða fjölgun ungs fólks á upptökusvæði skólans og erum því vongóð um að nemendum fjölgi í FSN. Einnig er rétt að benda á að FSN hefur tryggt sig í sessi sem skóli sem býður upp á gott fjarnám, en þessi fjölgun fjarnema hjálpar til við að halda úti fjölbreyttu námi við skólann. Í stofnuninni er enn meiri áhersla á að fjarkennslu við FSN verði sífellt betri. Við keyptum tvær fjarverur í lok ársins 2018, og við kennum á TEAMS. Við stofnunina er hópur starfsfólks sem hefur mikinn metnað í kennslu og að tileinka sér nýjustu aðferðirnar hverju sinni. Skólinn er þátttakandi í verkefninu Memo og við stefnum á að búa til nýsköpunarbraut með möguleika á að setja upp FSB LAB smíðju, hugsanlega í samvinnu við sveitarfélög og fyrirtæki á svæðinu.

Við sjáum töluverða fjölgun nemenda með annað tungumál sem íslensku sem móðurmál og kallar það á aukna stoðþjónustu fyrir þennan hóp.

<p>Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám og búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi.</p> <p>Framtíðarsýn skólans er áhersla á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Skólinn stefnir að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.</p> <p>Með þessum áherslum í kjarnastarfsemi tekur skólinn virkan þátt í vinnu að markmiðum stjórnvalda um aðgang að fjölbreyttu námsframboði sem uppfyllir viðmið um gæði og að nemendur ljúki námi á tilskildum tíma miðað við aðalnámskrá 2011.</p>							
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir							
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
A1	Að auka gæði menntunar í framhaldsskólum. Mikilvægt er að að aðgangur nemenda að gæðanámi og fullnægjandi stoðþjónustu sé greiður, óháð búsetu, og að nám sé skipulagt með þeim hætti að það uppfylli	4.3	Fjöldi námsleiða.	Fjöldi nemenda sem skrá sig í námið.	Nær eingöngu bóknámsbrautir í boði.	Þróun á nýjum námsleiðum.	Aukið samstarf við aðra starfsmenntaskóla og fjarmenntaskóla til að greiða fyrir aðgengi að námi.

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

	kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs.						
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs.</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir	
A1.1	Samkomulag um starfsnám á landsbyggðinni á milli framhaldsskóla á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu og mennta- og menningarmálaráðuneytis sem hófst vorið 2019.				2019	Ekki lokið	
A1.2	Nýjar námsleiðir í starfsnámi verða skrifaðar í samstarfi við skóla sem bjóða upp á starfsnám.				Vor 2020	Vor 2021	
A1.3	Innleiða sameiginlegt undirbúningsnám á 1.og 2.þrepi í löggiltum iðngreinum.				Vor 2021	Haust 2021	
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
A2	Fylgst verður með hlutfallslegri aukningu á útskriftum af brautum. Staðan verður tekin eftir fjögur ár frá innritun	4.3 4.5	Hlutfall nemenda sem innritast á aðra önn hækki.	Hlutfall af skráningu nýnema að hausti upp úr grunnskóla og	78%	80%	82%

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

			skráning þeirra á annað ár hækki.			
		Meðal námstími við útskrift	Gögn í INNU	7 annir	7 annir	7 annir
Tengist markmiði málaflokks						
Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma.						
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
A2.1	Skimunarpróf notað til að skilgreina nýnema sem eru í áhættu á slöku gengi í námi og brotthvarfi úr skóla. Þar með verður hægt að vinna með þá nemendur sem þurfa meiri stuðning í námi og meiri námsráðgjöf.				2021	2022
A2.2	FSN tekur þátt í tveggja ára tilraunaverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Köruconnect ehf. um stafrænar lausnir í stoðkerfi framhaldsskóla. Við bindum vonir við að með þessu verkefni fái nemendur aukna stoðþjónustu.				Haust 2020	Haust 2022
A2.3	Námskrá framhaldsskólabrauta endurskoðuð og boðið upp á nám tengt aðgerðinni Nám er tækifæri.				Vor 2021	Haust 2021

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
A3	Efla skólann og auka kynningu á honum sem fjarnámsmöguleika.		Fjöldi starfsmanna sem sækja námskeið og fyrirlestra.	Skrá hjá skólameistara og mannauðsstjóra um námskeið og fyrirlestra sem starfsmenn sækja.	Skipulag og skráning á endurmenntun starfsfólks ekki nægilega markviss.	Búið að ljúka vinnu við verklagsreglur um endurmenntun starfsfólks.	Aukning samkvæmt endurmenntunarstefnu FSN.
			Viðhorf kennara til upplýsingamiðlunar og dreifingar þekkingar	Gögn frá Gæðaráði FSN (Sjálfsmat skólans).	Allir kennarar kenna í fjarkennslu.	Kennarar tileinka sér nýjungar í fjarkennslu.	Fjarkennsla í stöðugri þróun í FSN.
			Fjöldi menntabúða þar sem starfsmenn deila þekkingu sinni til annarra í skólanum.	Skrá um endurmenntun starfsfólks.	Starfsfólk deilir þekkingu	Starfsfólk deilir þekkingu	Starfsfólk deilir þekkingu

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

					sinni til annarra.	sinni til annarra.	sinni til annarra.
Tengist markmiði málaflokks							
Skólinn verði framsækinn og leiðandi í nýjungum.							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A3.1	Starfsmenn sækja fyrirlestra og námskeið um nýjustu leiðir, strauma og stefnur í námi og kennslu.					V21	-
A3.2	Kynningarmyndbönd gerð um skólann.					V21	V22
A3.3	Markmið og stefna sem verða unnin í stefnumótunarvinnu skólans sett upp á veggspjöld, heimasíðu, FB og Instagram.					V21	H21

B	Rekstrarþættir
	<p>Við skólann starfa 17 kennarar. Þar af eru níu konur og átta karlar. Einn kennari er í barnsburðarleyfi, einn kennari er í námsleyfi og einn er í launalausleyfi. Annað starfsfólk er skólameistari í fullu starfi, aðstoðarskólameistari í 75% starfi, námsráðgjafi í 60% starfi, fjármála- og skrifstofustjóri í 60% starfi, ritari í 90% starfi og tveir deildarstjórar í fullu starfi hvor. Kerfisfræðingur í 25% starfi, tveir ræstitæknar í samtals 62% starfshlutfalli, einn þroskaþjálfari í fullu starfi, einn stuðningsfulltrúi í fullu starfi og annar í 50% starfi og húsvörður í fullu starfi. Allir kennarar skólans fyrir utan þrjá hafa leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla. Þeir þrjú kennarar sem eru án leyfisbréfs hafa prófgráðu á því sviði sem þeir eru að kenna, eru allir í kennsluréttindanámi og ljúka kennsluréttindanámi í lok ársins 2020 og vorið 2021. Níu kennarar eru með BA, BS eða Bed gráðu, sjö með meistaragráðu og einn með doktorsgráðu</p> <p>Skólinn hefur sett sér stefnur í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og eru þær í stöðugri endurskoðun. Stefnur skólans eru birtar á heimasíðu hans; https://www.fsn.is/is/skolinn/stefnur</p> <p>Verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli er komið úr dvala og nú er teymishópur í kringum þetta verkefni sem er ekki síst tengt vinnu við nýja braut, íþróttabraut sem hefur verið í boði síðan á hausti 2019. Skólinn fékk jafnlaunavottun skv. 4. mgr. 19. gr. eða staðfestingu skv. 5. mgr. 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á jafnlaunakerfi og framkvæmd 13.mars 2020. Unnið er að innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar og vinna vegna skjalavörslu er í gangi. Til að stýra vinnu við þessi verkefni var ráðinn mannauðsstjóri í 25% stöðu haustið 2019.</p>

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

Innra mat skólans - við skólann starfar sjálfsmatshópur undir stjórn skólameistara. Sjálfsmatsverkefni skólaársins 2016/2017 voru unnin samkvæmt þriggja ára áætlun sem samþykkt var haustið 2006 og hefur verið endurskoðuð árlega. Sjálfsmatsáætlunina er að finna á heimasíðu skólans http://fsn.is/?page_id=64

Ytri úttekt var gerð á skólanum á haustönn 2015. Sjálfsmatshópur skólans fór yfir athugasemdir úttektaraðila og leiðir til úrbóta. Í framhaldi af því var gerð umbótaáætlun sem unnið er eftir undir stjórn skólameistara. Skýrsla með niðurstöðum úttektarinnar og umbótaáætlunin eru aðgengilegar á síðu skólans. Áherslur í rekstri FSN miðast að hluta við niðurstöður þessarar úttektar. Haustið 2020 var gerð ytri úttekt á skólanum, niðurstöður eru ekki komnar.

Helstu markmið FSN er að fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma, stoðþjónusta verði eflað og formleg stefna FSN verði gerð sýnilegri og skilvirkari.

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
		Staða í stofnun ársins og viðhorfskönnunum.	Viðhorfskannanir, stofnun ársins,	Góð samkvæmt	Betri en 2019.	Betri en 2020.

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

B1	Að efla mannauð skólans, allir nemendur og starfsfólk sé metið að verðleikum.		húsfundir, starfsmanna- samtöl	könnunum og stofnun ársins.		
		Skólinn og starfsemi hans verði sýnilegri í nærsamfélagi og á landsvísu.	Fésbókarsíða, instagramsíða, heimasíða og sýningar á opnu húsi.	Góð virkni á heimasíðu og fésbókarsíðu	Betri en 2019.	Betri en 2020.
		Ánægja nemenda, aðstandenda og starfsfólks.	Viðhorfskannanir, stofnun ársins, húsfundir, starfsmanna- samtöl.	Góð samkvæmt stofnun ársins, starfsmannasamtölum og viðhorfskönnunum.	Betri en 2019.	Betri en 2020.

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir			
B1.1	Unnið verður í anda lærdómssamfélags til að styrkja kennara í fjarnámskennslunýjungum og miðlalæsi.	2021	2023			
B1.2	Sveigjanlegir kennsluhættir og nýjar leiðir í námsmati.	2020	2023			
B1.3	Styrkja teymisvinnukennara og hæfni þeirra til að vinna þvert á námsgreinar.	2020	2023			
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
B2	Virka kennara í að þróa nýjar nálganir í skapandi starfi.	Fjöldi nemenda á nýsköpunarbraut.	Skráning nemenda í INNU	Engin nýsköpunarbraut.	Nýsköpunarbraut búin að fá staðfestingu.	Nýsköpunarbraut búin að festa sig í sessi.
		Fjöldi nýrra áfanga á nýsköpunarbraut.	Námskrá.is INNA	Enginn nýsköpunaráfangi	Nýsköpunaráfangar í boði á nýsköpunarbraut.	Áfangaframboð á nýsköpunarbraut uppfyllir

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

						námskrárkröfur.
		Endurmenntun kennara í tengslum við nýja braut.	Endurmenntunarskrá skólameistara.	Kennarar hafa hafið endurmenntun skv. endurmenntunarstefnu FSN.	Kennarar með þekkingu og hæfni til að kenna á nýsköpunarbraut.	Kennarar með þekkingu og hæfni til að kenna á nýsköpunarbraut
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	FSN skipar nýsköpunarteymi.				Vor 2021	Vor 2022
B2.2	FSN setur sér nýsköpunarstefnu.				Vor 2021	-
B2.3	Koma á FAB LAB smiðju í samvinnu við sveitarfélög og fyrirtæki í nærumhverfi skólans.				Haust 2021	-
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

B3	Draga úr umhverfisáhrifum	Framþróun í verkefninu um græn skref í ríkisrekstri	Grænt bókhald	Vinna við grænt bókhald ekki hafin.	Grænu bókhaldi skilað.	Grænt bókhald hluti af starfsemi skólans.
		Minnkuð notkun og förgun pappírs, notkun fjarfunda	Grænt bókhald	Vinna við grænt bókhald ekki hafin	Minni notkun á pappír, meiri notkun á fjarfundum.	Pappírnotku nær engin og 70% funda í fjarfundi.
		Útblástur af starfsemi, notkun vistvænna samgöngumáta	Grænt bókhald	Vinna við grænt bókhald ekki hafin	Búið að gera samgöngusa mninga við starfsfólk.	Aukin notkun á vistvænum samgöngumát um.
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	FSN tekur þátt í verkefninu Græn skref.				Haust 2020	-
B3.2	FSN uppfærir umhverfisstefnu skólans.				Haust 2020	-

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

B3.3	FSN gengur á undan með góðu fordæmi í umhverfismálum.	Haust 2020	-
-------------	---	------------	---

Leiðbeiningar við móttun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.

Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (*outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (*input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

HM er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru

Leiðbeiningar við móttun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í viðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila, umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040.

Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinnar verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.